Ed. **315. Nefndarálit**

um frv. til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv., einn nefndarmaður þó með nokkrum fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir við umr. En til þess að taka af öll tvímæli um það í frv. sjálfu, sem getið er í greinargerðinni, að ákvæðunum er ekki ætlað að ná til þeirra vörutegunda, sem tollaðar eru samkvæmt tollögum, flytur nefndin svofellda

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, þannig:

3. Ákvæðin í 1. og 2. lið taka eigi til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt tolllögum.

Alþingi, 31. marz 1931.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Þorláksson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari; með fyrirvara.